


Urðarstígur 11 Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa

Lögð fram fyrirspurn Orra Páls Jóhannssonar, dags. 5. júlí 2023, um breytingu á deiliskipulagi Nönnugötureits 1.185.6 vegna lóðarinnar nr. 11 við Urðarstíg sem felst í endurnýjun skúrs.



AR2040



Gildandi deiliskipulag

Skipulagsleg staða

Aðalskipulag

Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040 (AR2040). Samkvæmt AR2040 er Urðarstígur 11 í skilgreindri íbúðarbyggð *ÍB10 Þingholt*.

Deiliskipulag

Í gildi er deiliskipulag fyrir *Nönnugötureit*, samþykkt í borgarráði þann 6. september 1988 ásamt síðari breytingum. Engin breyting hefur verið gerð vegna lóðar nr. 11 við Urðarstíg.

Umsögn

Spurt er hvað þurfi að gera til þess að geta endurnýjað núverandi skúr á baklóð, í lóðarmörkum að Urðarstíg 9 og Nönnugötu 10a. Skúrinn kemur fram á uppdráttum sem samþykktir voru af byggingarfulltrúa þann 6. júlí 2004 en hann er þó talsvert eldri – og eldri en gildandi deiliskipulag.

Deiliskipulag götureitsins gerir ráð fyrir því að skúrar á baklóðum séu víkjandi. Það er hins vegar alltaf heimilt að viðhalda þeim byggingum sem nú þegar eru samþykktar á lóðinni og skipulagsfulltrúi gerir

Því ekki athugasemd við að endurbætur verði gerðar á skúrnum svo framarlega sem stærð hans, form og staðsetning breytist ekki. Ekki er nauðsynlegt að breyta gildandi deiliskipulagi til þess.


Ef lóðarhafi óskar hins vegar eftir því að breyta deiliskipulaginu til þess að festa skúrinn í sessi á lóðinni (þ.e. búa til formlega heimild og byggingarreit fyrir hann), á eigin kostnað, þá leggst skipulagsfulltrúi ekki gegn því.



Núverandi aðstæður




Gildandi deiliskipulagsuppráttur



Loftmynd (júlí 2022)



Götumynd frá Urðarstíg



Uppdráttur samþ. 6. júlí 2004

Niðurstaða

Skipulagsfulltrúi gerir ekki athugasemd við að núverandi skúr á baklóð verði endurnýjaður ef umfang hans og staðsetning er óbreytt.

F.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Sólveig Sigurðardóttir
arkitekt / verkefnastjóri